

Miðvikudaginn 6. desember 1978.

Nr. 187/1977. **Bjarni Bjarnason**

gegn

Vilhelmínu Guðmundsdóttur.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm hinn 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti til febrúarmánaðar.

Stefnda synjar um frekari frest og krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 2. desember 1977, og var þá frestað til aprílmánaðar 1978. Hinn 3. apríl þ. á. fékk áfrýjandi frest til júnímánaðar. Hinn 2. júní s. á. fékk áfrýjandi frest til októbermánaðar. Hinn 2. október s. á. fékk áfrýjandi enn frest til nóvembermánaðar og að nýju 1. nóvember s. á. til desembermánaðar.

Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í málinu gegn andmælum stefndu. Ber því að fella málið niður.

Á l y k t a r o r ð:

Mál þetta fellur niður.